

Sp. 94. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]
um kosningarétt.

Flm.: Ellert B. Schram, Jón Skaftason, Magnús Kjartansson, Jón Árm. Héðinsson,
Albert Guðmundsson, Axel Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Eyjólfur Sigurðsson,
Geir Gunnarsson, Gils Guðmundsson, Guðmundur H. Garðarsson,
Jóhann Hafstein, Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson,
Pétur Sigurðsson, Ragnhildur Helgadóttir, Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að fela stjórnarskrárnefnd að leggja fram tillögur til breytinga á stjórnarskránni, sem miði að jöfnun kosningaréttar.

Greinargerð.

Allt frá því að íslendingar fengu eigin stjórnarskrá, 1874, og kjördæmaskipan var ákveðin hafa menn ekki verið á eitt sáttir um skipan þeirra mála. Hafa deilur

risið það hátt að örlög ríkisstjórna og kjörtímabil hafa ráðist af afstöðunni til kjördæmaskipunar. Allar hafa þessar umræður átt það sammerkt að orsakir þeirra hafa verið kröfur flokka, landshluta eða einstaklinga um að jafna atkvæðisrétt kjósenda með einum eða öðrum hætti. Sú tillaga, sem hér er fram borin, á sér sömu forsendu.

Kjördæmaskipan og kosningalögum var alloft breytt á tímabilinu frá 1874 til 1959, en að meginstofni til byggðist kjördæmaskipanin á einmennings- og tvímenningskjördæmum. Mikilvægasta breytingin á þessu tímabili var tvímælalaust árið 1934, þegar uppbótarsæti voru tekin upp til jöfnunar milli þingflokka.

Árið 1959 var gerð sú breyting á kjördæmaskipaninni sem enn er í gildi. Var þá horfið frá einmenningskjördæmum, en þess í stað var landinu skipt í átta stór kjördæmi og kosið hlutfallskosningu í þeim öllum. Óþarfi er að lýsa því fyrirkomulagi, en minnt á að þá sem áður voru breytingarnar gerðar til að skapa meiri jöfnuð milli kjósenda en verið hafði. Röksemdir þeirra, sem fylgdu breytingunni, voru þær að greiða þyrfti fyrir eðlilegri lýðræðisþróun og að Alþingi yrði skipað í sem bestu samræmi við þjóðarvilja. Þingmönnum dreifbýlis var ekki fækkað, en leitast var við að hafa sem jafnasta atkvæðatölu að baki hvers þingmanns í strjálbýli.

Enda þótt hart hafi verið deilt um þetta fyrirkomulag má fullyrða að flestir hafi þá og séu enn sammála um það meginmarkmið að atkvæðisréttur landsmanna eigi að vera sem jafnastur.

Þegar kjördæmabreytingin var gerð, árið 1959, var gengið verulega til móts við þetta grundvallarsjónarmið, enda þótt þá væri enn gert ráð fyrir nokkrum mun á atkvæðamagni bak við hvern þingmann hinna ýmsu kjördæma. Virðist og vera skilningur á því að kjósendur í strjálbýli hafi í þeim efnun nokkur forréttindi. Hér á eftir er birt tafla yfir íbúa kjördæmanna á árinu 1960 og fjölda íbúa á bak við hvern þingmann sem kosinn er í viðkomandi kjördæmi. Jafnframt er birt tafla yfir sömu tölur á árinu 1974:

Fjöldi íbúa eftir kjördæmum 1960 og 1974.

	1960	1974	Aukning
Reykjavík	72 407	84 772	12 365
Reykjanes	26 010	43 944	17 934
Vesturland	11 973	13 862	1 889
Vestfirðir	10 507	9 940	÷ 567
Norðurland vestra	10 241	10 090	÷ 151
Norðurland eystra	19 769	23 572	3 803
Austurland	10 367	11 919	1 552
Suðurland	16 018	18 529	2 511

Íbúar að baki hvers þingmanns 1960 og 1974.

	1960	1974
Reykjavík (12)	6 034	7 064
Reykjanes (5)	5 205	8 789
Vesturland (5)	2 395	2 772
Vestfirðir (5)	2 101	1 988
Norðurl. vestra (5)	2 048	2 018
Norðurl. eystra (6)	3 295	3 928
Austurland (5)	2 073	2 384
Suðurland (6)	2 670	3 088

Þessar tölur leiða það í ljós að gífurlegur munur er á vægi atkvæða eftir kjördæmum. Þannig eru Reykjavík og Reykjanes í algjörum sérflokk, þar sem miklu fleiri atkvæði eru þar að baki hvers þingmanns en í hinum kjördæmunum. Hefur þessi munur vaxið mjög verulega frá því á árinu 1960.

Í Reykjavík og á Reykjanesi voru á kjörskrá 1974 samtals 77 004 kjósendur, en í öðrum kjördæmum voru á sama tíma á kjörskrá samtals 50 497. Af þessu má sjá að rétt rúmlega 60% kjósenda eru í Reykjavík og á Reykjanesi, en tæplega 40% kjósenda í öðrum kjördæmum. 77 004 kjósendur kjósa 17 þingmenn, en 50 497 kjósa 32 þingmenn. Ef lítið er á þessar staðreyndir verður því ekki neitað að þarna er um mjög óeðlilegt misræmi að ræða á milli atkvæðisréttar borgaranna eftir búsetu.

Mjög er orðið tímabært að taka tillit til þessarar þróunar og laga kjördæmaskipan að þeim aðstæðum sem ríkja í landinu. Kjósendur, sem búa í þéttbýlinu í Reykjavík og á Reykjanesi, geta ekki unað við það til frambúðar að hafa þrefalt og allt að fimmfalt minna vægi í atkvæði sínu heldur en kjósendur annars staðar á landinu.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa tekið þann kostinn að benda á meginstefnuna, sem þeir vilja að höfð verði að leiðarljósi, þegar ákvæðum stjórnarskrár um kjördæmaskipan og kosningarétt er breytt. Samþykkt tillögunnar verður almenn viljayfirlýsing þingsins og leiðbeinandi fyrir stjórnarskrárnefnd í endurskoðun sinni.